

28. árs- og 4. haustþing SSNV 2020

Ávarp formanns SSNV, Þorleifs Karls Eggertssonar

Þá er komið að enn einum netfundinum þetta árið var það fyrsta sem mér datt í hug þegar ég settist niður til að undirbúa þessa ræðu. Já, það er sérstakt að halda þing með þessum hætti og bæði árs og haustþing í einu – ástæðurnar öllum kunnar en viðburðir síðasta árs auk viðburða þessa árs hafa falið í sér miklar áskoranir fyrir sveitarfélögin og eðlilega haft áhrif á störf SSNV.

Ef ramma ætti inn starf samtakanna á árinu 2019 í þrjú orð væru þau Horft til framtíðar. Starf þeirra litaðist af markmiðasetningu og framtíðarsýn landshlutans í vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir árin 2020-2024. Afraksturinn var metnaðarfull áætlun sem strax var farið að vinna að. Þó svo að aðstæður hafi breyst mikið frá því hún var unnin er ekki ástæða til að breyta áherslum eða markmiðum að svo stöddu en þróun næstu mánuði verður að leiða í ljós hvort þörf verður á því.

Á síðasta ári var líka samþykkt Samgöngu og innviðaáætlun landshlutans. Hefur hún þegar sannað gildi sitt í samtali við ríkið um úrbætur á samgöngumannvirkjum og innviðum í landshlutanum. Það er ánægjuleg að tvö verkefni, sem sameiginleg áhersla var lögð á, hafa fengið athygli. Hönnun Þverárfjallsvegur var boðin út fyrir á þessu ári og eiga framkvæmdir að hefjast á árinu 2021. Vatnsnesvegur rataði loksins inn á samgönguáætlun, þó ekki fyrir en á þriðja tímabili hennar en það eitt er mikill áfangasigur. Þetta sýnir okkur hversu miklu skiptir að eiga gott samtal og ná fram sameiginlegum áherslum. Hagsmunir sveitarfélaganna í landshlutanum eru í grunninn þeir sömu og áskoranirnar keimlíkar.

Við vorum harkalega minnt á stöðu innviða í landshlutanum í óveðri sem gekk yfir landið í desember. Sem fyrr þegar í harðbakkann slær sýndu íbúar landshlutans ótrúlega seiglu og æðruleysi á meðan á því stóð og í kjölfar þess. Viðbragðsaðilar og þeir sem í brúnni standa hvað almannaþarnir varða unnu ómetanlegt starf og fyrir það ber að þakka. Það má þó ekki líta framhjá því að víða í landshlutanum skapaðist stórhætta og mesta mildi að ekki fór verr. Í kjölfarið fór fram vinna hjá ríkinu með þátttöku landshlutasamtaka við greiningu á nauðsynlegri uppbyggingu innviða. Við sáum svo sannarlega hvað mikið vantar upp á hér í landshlutanum. Þegar hafa einhverjar úrbætur átt sér stað en það verður klárlega eitt af verkefnum næstu missera að fylgja því fast eftir að búið verði svo um hnútana að íbúar hér njóti sömu grunninnviða og annars staðar á landinu og að þeir virki á ögurstundu.

Atvinnumálin eru enn sem fyrr ein mesta áskorunin sem sveitarfélögin í landshlutanum standa frammi fyrir. Við sáum það á kynningu á efnahagstölum landshlutans á ráðstefnunni í gær að þar er verk að vinna. Við sáum það hins vegar líka glögggt að það eru tækifæri til staðar. Það er okkar að finna leiðir til að styðja við þá sem vilja grípa þau. Í því efni náðist stór áfangi í lok árs 2019

Þegar undirritaður var viðaukasamningur við þjónustusamning um mat á uppbyggingu nýrrar iðnaðarstarfsemi í landshlutanum. Með þeim viðauka veitti ráðuneytið samtals 21 milljón króna til greiningar á iðnaðarkostum sem gætu hentað á Norðurlandi vestra. Til viðbótar við fjármuni ráðuneytisins bættu sveitarfélögin við fjármunum svo úr verður 2ja ára átaksverkefni með það að markmiði að fjölga fyrirtækjum og störfum á Norðurlandi vestra. Sú vinna er nú komin í fullan gang og á þessu ári var m.a. annars ráðinn starfsmaður sem ber ábyrgð á þessu mikilvæga verkefni. Bindum við öll miklar væntingar við að það beri árangur þó við gerum okkur öll grein fyrir að um langhlaup er að ræða.

Þetta er örstutt yfirlit yfir störf samtakanna á árinu 2019. Starfsmannahópurinn var óbreyttur en nokkrar breytingar hafa orðið á yfirstandandi ári sem fjallað verðum um í skýrslu komandi stjórnar. Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsmönnum samtakanna fyrir vel unnin störf í þágu uppbyggingar landshlutans.

Við lifum á tímum hraðra breytinga. Atburðir undanfarins tæps árs, óveður og farsóttir, hafa aukið hraða breytinganna umtalsvert. Til að standa sjó á slíkum ólgutímum skiptir samstaða höfuðmáli. Samstaða og sveigjanleiki. Við höfum séð sveigjanleikann í verki á öllu þessu tímabili hjá starfsmönnum sveitafélaganna og ekki síst hjá íbúum. Það er ljóst að næstu misseri verða brekka í mörgu tilliti. Við slíkar aðstæður þurfum við kannski að hafa örlítið meira fyrir því að koma auga á tækifærin sem felast í landshlutanum. Þau eru nú samt þarna, eins og við sáum glögg á erindum ráðstefnunnar í gær. Það er okkar að hvetja til þess að þau verði gripin. Til viðbótar við verkefni tengd uppbyggingu innviða næstu missera verður það helsta verkefnið.